

Skólablað MB
6. tölublað
Haustönn 2020

Egla



Sjálfstæði

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda.



Færni

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum.



Framfarir

Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans.



EGLA

E-MAIL

egla@menntaborg.is

FORSÍÐUMYND

Gunnhildur Lind Photography

ÚTGEFANDI

EGLA

ÁBYRGÐARMAÐUR

Sara Björk Karlsdóttir

UMBROT OG HÖNNUN

Ómar Örn Sigurðsson

PRENTUN

Prenttækni

UPPLAG

500 eintök

ÚTGÁFUDAGUR

Miðvikudagur
9. desember 2020

FYLGID OKKUR

📧 skolabladid.egla

📱 egla_mb

Leiðari

Jæja, við getum nú alveg sagt það að þetta er klárlega með því erfiðasta sem við höfum þurft að gera fyrir þetta blað og í raun vitum við ekkert hvað við eigum að skrifa hér.

Ef við myndum segja að skriffin við þetta blað hafi verið auðvelt verkefni þá værum við að ljúga að ykkur. En þetta var mjög skemmtilegt og sérstaklega þegar maður er að vinna með skemmtilegu fólki sem átti svo sannarlega við hér. Við skiptum með okkur verkefnum og kláruðum þetta með glæsibrag.

Uppsetningin á þessu blaði er aðeins öðruvísi en í fyrri blöðum, þar sem efnið spannar yfir eitt og hálft ár og í blaðinu er t.d. ávarp frá núverandi formanni og formanni síðasta skólaárs.

Það var stofnuð ritnefnd og við byrjuðum að funda og finna skemmtilegt efni til þess að skrifa og taka viðtöl til þess að setja í blaðið. Svo kom Covid.

Covid er búið að hafa mikil og leiðinleg áhrif á það hvenær blaðið kemur út. Blaðið átti fyrst að koma út á vorönninni 2020. Þegar við fórum svo í samkomubann í mars fór blaðið alveg í salt þar til við fórum að funda aftur í september 2020. Þegar við fórum af stað aftur fórum við á fullt að skoða það sem við vorum komnar með, hentum út og fundum nýtt efni. Svo kom annað samkomubann. Við létum það ekki stoppa okkur né útgáfu blaðsins, höfum haldið fundi á Messenger og núna er þetta frábæra blað komið út þó við segjum sjálfar frá.

Covid er ekki bara búið að hafa áhrif á gerð blaðsins heldur líka á skólastarfið. Núna eru flest allir tímar kenndir á Teams þar sem við mætum í tíma í raun bara alveg eins og í skólanum nema við hittum ekki neinn og erum bara heima. Þetta er að gerast í annað sinn fyrir þá sem eru á öðru og þriðja ári. Að okkar mati er seinna samkomubannið mun erfiðara en það fyrra þar sem það er erfiðara að koma sér að á fætur morgnanna og byrja að læra. Einbeitingin er með minna móti og það er auðveldara að hunsa verkefnin þegar maður er bara heima og getur farið og gert eitthvað annað en að læra. Félagslíf í skólanum er lítið en nemendaráðið og kennararnir eru að reyna sitt besta við að halda netviðburði og hafa staðið sig með þrýði en flestir þessir hefðbundnu viðburðir hafa frestast. Við erum farin að sakna hefðbundna skólastarfsins.

Við mælum alveg klárlega með því að taka að sér að skrifa þetta blað þar sem það er skemmtilegt og krefjandi á sama tíma og margt nýtt sem við höfum lært. Þökkum fyrir góða og skemmtilega samvinnu og vonandi að þið getið notið blaðsins.

*Ritstýra og hennar vinstri hönd,
Sara Björk & Sigurðís Katla*



Efnisyfirlit

Ritstjórn Eglu	6-7
Saga Eglu	8
Egla síðustu ára	9
Skólinn okkar	10-11
Ávarp skólameistara MB	12
Fyrrverandi MB-ingur: Eva Huld	14
Lífið í MB	15
Fyrrverandi MB-ingur: Íris Líf	16-17
Fyrrverandi MB-ingur: Svava Björk	18
Nýnemar	20-21
Spurt á göngunum	22
Fjölskyldutengsl MB	22
Lífið í MB	23
Tvífarar MB	24-25
Stjörnuspá	26-27
Ávarp formanns NMB	28
Stjórn NMB	30-31
Félagslífið	32-33
Árshátíð MB 2020	34-35
Pikköpplínur	36
Viðtal: Rikki G	38-39
Viðtal: Þórdís Sif	40-41
Viðtal: Bikarmeistararnir	42-43
Viðtal: Boltastrákar í Danmörku	44
Fríða Frænka	45
ÞAKKIR	46

Hlökkum til að sjá þig í Háskólabænum Akureyri



Grunnnám

Félagsvísindi*
Fjölmiðlafræði*
Hjúkrunarfræði
Iðjupjálfunarfræði*

Kennarafræði
Líftækni*
Lögfræði
Lögreglufræði*

Nútímafræði*
Sálfræði
Sjávarútvegsfræði*

Tölvunarfræði
í samstarfi við HR
Viðskiptafræði

*Námsleiðir sem ekki eru í boði í öðrum háskólum landsins

Sveigjanlegt nám

Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri gerir kröfur til nemenda um aga og skipulag.

Með rafrænum lausnum og nútímalegum kennsluaðferðum gerum við fleirum fært að setja markið hærra.

Kynntu þér hvernig sveigjanlegt nám getur komið til móts við þín markmið í lífinu.

Sigurdís Katla Aðstoðarritstjóri



Draumaáfangastaður?

Miami

Ef þú mættir vera dýr, hvaða dýr værir þú?

Ég væri úlfur

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert í skólanum?

Ég held ég hafi ekki gert neitt skrítið í skólanum

Hvað er uppáhalds skrítna food combóið?

Smjör og franskar

Ef þú þyrftir að skipta um líf við einhvern í skólanum í einn dag, hvern myndir þú velja?

Þóru kennara

Segðu satt, hvað skírðir þú koddann þinn?

Koddin minn heitir Kelópatrea

Lífsmottó?

Það sem er gert er gert

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt?

Fyrirgefðu... ferðu heim með ókunnugum?

Hann: nei. Ég: hmmm... leyfðu mér þá að kynnst þér.

Og svo líka þessi lína, Ertu fjall? Því mig langar uppá þig.

Sara Björk Ritstjóri

Draumaáfangastaður?

LA

Ef þú mættir vera dýr, hvaða dýr værir þú?

Ég myndi vera letidýr

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert í skólanum?

Ég held ég hafi gert voðalega lítið skrítið innan skólans

Hvað er uppáhalds skrítna food combóið?

Það er líklegast Ritzkex, pizzasósa og ostur, hitað í örbylgjuofni

Ef þú þyrftir að skipta um líf við einhvern í skólanum í einn dag, hvern myndir þú velja?

Ég held það væri Veronika

Segðu satt, hvað skírðir þú koddann þinn?

Ég held að hann heiti ekki neitt

Lífsmottó?

Ekki lifa í fortíðinni, framtíðin er það sem skiptir máli

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt?

Ef fegurð þín væri mæld í mjólkurlítrum værir þú belja



Heiðrún Hulda Meðstjórnandi



Dramaáfangastaður?

London

Ef þú mættir vera dýr, hvaða dýr værir þú?

Fiskur

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert í skólanum?

Sitja allan tímann inn í stofunni

Hvað er uppáhalds skrítna food combóið?

Ég held ég eigi ekkert

Ef þú þyrftir að skipta um líf við einhvern í skólanum í einn dag, hvern myndir þú velja?

Sigurdísi

Segðu satt, hvað skírðir þú koddann þinn?

Gerði ég það?

Lífsmottó?

Ef lífið þitt ýtir þér niður vertu þar þá bara

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt?

Það er eitthvað að símanum mínum, númerið þitt er ekki í honum

Jóna Ríkey Markaðsstjóri

Dramaáfangastaður?

Hawaii

Ef þú mættir vera dýr, hvaða dýr værir þú?

Höfrungur

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert í skólanum?

Ég geri ekki mikið skrítið

Hvað er uppáhalds skrítna food combóið?

Ég held að ég sé ekki með neitt

Ef þú þyrftir að skipta um líf við einhvern í skólanum í einn dag, hvern myndir þú velja?

Bjarna stæ

Segðu satt, hvað skírðir þú koddann þinn?

Ég skýrði hann bara kodd

Lífsmottó?

Lífið er of stutt til að búa um rúmið

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt?

Ef að þú værir Mackintosh moli værir þú uppáhalds molinn minn



Lilja Rós Greinastjóri

Dramaáfangastaður?

Ítalía

Ef þú mættir vera dýr, hvaða dýr værir þú?

Hestur

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur gert í skólanum?

Voða sjaldan sem ég geri eitt-hvað skrítið

Hvað er uppáhalds skrítna food combóið?

Brauð með bláberjasultu, osti og gúrku

Ef þú þyrftir að skipta um líf

við einhvern í skólanum í einn dag, hvern myndir þú velja?

Klárlega Sössa

Segðu satt, hvað skírðir þú koddann þinn?

Draumaprins nr. 1

Lífsmottó?

Ekki taka lífinu of alvarlega, þú munt aldrei sleppa lifandi

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt?

Trúir þú á ást við fyrstu sýn? Eða á ég að ganga fram hjá þér aftur?





Saga Eglu

Fyrsta tölublað Eglu leit dagsins ljós þann 12. apríl 2012. Birta Rán Björgvinsdóttir þáverandi nemandi MB var einn af forsprökkum Eglu og ástæðan fyrir því að blaðið varð að veruleika. Ritstjórn Eglu heyrði í Birtu, sem starfar í dag sem kvikmynda-gerðakona og ljósmyndari, og spurði hana hvernig þetta kom allt saman til að vera.

Hver var helsta ástæðan að farið var af stað með útgáfu skólablaðs?

Úff það er alveg góð spurning. Ég hafði séð í gegnum vinkonu mína í Reykjavík sem að þá fór í MH, hversu mikill spenn-ingur myndaðist fyrir skólablaðinu þar, svo þegar ég flutti aftur í Borgarnes og byrjaði í MB tók ég eftir að það var einhver spenna og umtal fyrir því að stofna skólablað. Við vorum nokkur sem gerðum óformlega könnun innan veggja skólans á áhuga nemenda og þegar það kom í ljós að áhuginn var til staðar, stofnuðum við ritstjórn og hófumst handa á fyrsta blaðinu.

Hverjir létu Eglu verða að veruleika?

Vá, svo mikið af góðu fólki! Inga Björk, Birna Kristín, Alda Valentína og Bjarki Grönfeldt fóru hamförum í að finna til efni, auglýsingar og styrki. Ef ég man rétt sá Guðrún Sara um að prófarkalesa og fara yfir allt efni og Styrmir Már sá um að dæmið stemmdi miðað við þann pen-

ing sem safnaðist. Kolfinna, þáverandi skólameistari, aðstoðaði okkur mikið við að stofna Eglu með veglegri styrkveitingu sem og að vera okkur innan handar ef við hefðum einhverjar spurningar. Olgeir gaf okkur síðan ágætis díl á fyrsta prentinu okkar. Okkur fannst, af einhverri yndislegri ástæðu, sjúklega fyndið að hafa for-síðuna eftirhermu af plakatinu af fyrstu Twilight myndinni og verð ég að segja að mér finnst okkur hafa tekist ágætlega til með það.

Hvað lærðiru af útgáfunni?

Ég lærði að ég brenn ekki eins heitt fyrir umbroti eða grafískri hönnun eins og ég hafði upprunalega haldið og lagði upp með þegar ég braut blaðið, en það er líka allt í lagi. Þetta er fyrsta og eina blaðið sem ég hef hannað og séð um umbrot á hingað til. Hins vegar hef ég líka lært að hópur fólks sem skapar og gengur í gegnum eitthvað svona saman verður sterkara fyrir vikið því við lögðum gífurlega mikla vinnu í að gefa

út vandað og skemmtilegt skólablað sem rosalega víðtækur hópur gat notið.

Hefur þú getað nýtt þessa reynslu í starfi og leik eftir útgáfu?

Eflaust, jafnvel þó það væri óbeint. Auðvitað er ótrúlega mikil vinna sem við lögðum í að koma Eglu af stað, hvað þá samhliða fullu námi. Ég er viss um að reynslan mín við Eglu hefur nýst í bæði samskiptum og samvinnu við fólk sem og að þekkja og vita hvernig umbrot virkar þegar ég er sjálf að ljósmynda fyrir allskyns miðla.

Hvaða ráð myndirðu gefa núverandi og framtíðar ritstjórn Eglu?

Ég myndi segja þeim að hafa gaman af þessu, njóta og reyna að vera hlutlaus. Það er munur á að segja brandara og að gera grín að einhverjum og skólablað er ekki vettvangurinn til að smána aðra heldur frekar að reyna að ná fólki saman. Gangi ykkur gífurlega vel og ég hlakka til að sjá blaðið ykkar.

Egla síðustu ára

Egla #1

Vorönn 2012 kemur fyrsta tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstýra:

Birta Rán Björgvinsdóttir

Aðstoðarritstýra: Inga Björk

Bjarnadóttir

Ritari: Guðrún Sara Ásbjörnsdóttir

Gjaldkeri: Styrmir Már Ólafsson

Greinastjóri: Alda Valentína Rós

Hafsteinsdóttir

Auglýsingastjóri: Bjarki Þór

Grönfeldt

Vefstjóri: Birna Kristín

Ásbjörnsdóttir



Egla #4

Vorönn 2015 kemur fjórða tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstjóri: Óli Valur Pétursson

Aðstoðarritstjóri: Gróa Lís

Ómarsdóttir

Gjaldkeri: Helena Rós Helgadóttir

Greinastjóri og hönnuður: Halldóra

Aðalheiður Ólafsdóttir

Markaðsstjóri: Anna Þórhildur

Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi: Ingibjörg Melkorka

Blöndal

Ljósmyndari: Gunnlaugur Yngvi

Sigfússon



Egla #2

Haustönn 2012 kemur annað tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstjóri: Bjarki Þór Grönfeldt

Gunnarsson

Aðstoðarritstýra: Íris Ragnarsdóttir

Pedersen

Gjaldkeri: Eyrún Baldursdóttir

Markaðsstjóri: Bárður Jökull

Bjarkarson

Vefsíðu- og greinastjóri: Arnar

Þórsson

Umbrot og hönnun: Tinna Sól

Þorsteinsdóttir

Ljósmyndari: Dagbjört Birgisdóttir

Meðstjórnandi: Rúnar Gíslason



Egla #5

Vorönn 2016 kemur fimmta tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstjóri: Óli Valur Pétursson

Aðstoðarritstýra: Gróa Lís

Ómarsdóttir

Gjaldkeri: Þórunn Hlíf

Gilbertsdóttir

Markaðsstjóri: Kristín H.

Kristjánsdóttir

Meðstjórnandi: Alexandra Rán

Guðnýjardóttir

Meðstjórnandi: Dagbjört Diljá

Haraldsdóttir



Egla #3

Vorönn 2013 kemur þriðja tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstýra: Íris Ragnarsdóttir

Pedersen

Aðstoðarritstjóri: Arnar Þórsson

Gjaldkeri: Dagbjört Birgisdóttir

Markaðsstjóri: Áslaug María

Agnarsdóttir

Greinastjóri: Pétur Már Jónsson

Meðstjórnandi: Sveinn Jóhann

Þórðarson



Egla #6

Haustönn 2020, á því mikla Covid-19 ári, kemur sjötta tölublað Eglu út. Í ritstjórn sátu:

Ritstýra: Sara Björk Karlsdóttir

Aðstoðarritstýra: Sigurdís Katla

Jónsdóttir

Markaðsstjóri: Jóna Ríkey Vatnsdal

Greinastjóri: Lilja Rós

Hjálmarsdóttir

Meðstjórnandi: Heiðrún Hulda

Ingvarsdóttir



Skólinn okkar

Menntaskóli Borgarfjarðar hóf starfsemi sína í ágúst 2007 og fagnaði því 13 ára starfsafmæli á þessu ári. Fyrsta skólasetningin er sannarlega eftirminnileg því eftir dumbung og rigningarsudda var skólinn settur við hátíðlega athöfn í Skallagrímssgarði, eftir að sólin náði að brjóta sér leið í gegnum skýin.

Á árinu 2007 voru fyrstu starfsmenn skólans ráðnir og frá fyrstu dögum hefur skólinn verið í fremstu röð hvað varðar kennsluhætti og námsmat. Alltaf hefur verið lögð áhersla á leiðsagnarmat þar sem nemendur fá skriflega endurgjöf á verkefnavinnu á fimm vikna fresti á svokölluðum vörðum. Vörður eru nokkurs konar leiðsögn fyrir nemendur þar sem kennarar taka stöðuna á hverjum nemanda fyrir sig og útskýra hvernig hann stendur sig í áföngunum. Árangri nemenda sé síðan fylgt eftir með viðtölum umsjónarkennara. Samfara þessu námsmati hafa aldrei verið lokapróf við skólann. Nemendur venjast því stöðugri verkefnavinnu alla önnina, allt frá fyrsta skóladegi að hausti.

Einkunnarorð MB

Einkunnarorð skólans eru: Sjálfstæði – færni – framfarir. Viðhorf vinnunnar í skólanum kristallast í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á

fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

Kennsluhættir

Kennsla við skólann tekur mið af námsmatinu. Fyrirlestrar hafa t.d. aldrei verið sérstaklega áberandi í skólanum en umræðutímar, hópavinna og verkefnatímar eru þeir þættir sem eru mest notaðir í skólastarfinu. Frá upphafi skólans hefur verið lögð áhersla á fjölbreytt verkefnaskil þar sem sköpunargleði nemenda fær að njóta sín. Sem dæmi um verkefni má nefna krufningar í líffræði, vettvangsferðir og verklegar æfingar í eðlisfærði. Einnig má nefna matargerð í tungumálum og á íþróttabraut er hreyfistund í leikskólum og aðstoð við þjálfun hjá íþróttafélögum Borgarbyggðar.

Frá upphafi skólastarfsins hefur það verið hluti af námi nemenda að skrifa lokaverkefni við skólann. Nemendur eru skráðir í sérstakan áfanga þar sem þeir vinna með leiðbeinanda

Menntaskóli Borgarfjarðar var formlega stofnaður 4. maí 2006. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á það að skólinn færi ótroðnar slóðir í starfsháttum og yrði í fremstu röð framhaldsskóla í uppeldi og kennslu.

Einkunnarorð skólans eru:
Sjálfstæði.
Færni.
Framfarir.

Viðhorf vinnunnar í skólanum kristallast í þessum kjörorðum.



að sjálfstæðum verkefnum. Í áfanganum eru gerðar ríkar kröfur um sjálfstæð og vönduð vinnubrögð. Lokaverkefnin veita nemendum tækifæri til að dýpka skilning sinn á afmörkuðu sviði og gegna mikilvægu hlutverki að þjálfva þá í að beita viðurkenndum aðferðum við meðferð heimilda, rannsókn eða lausn viðfangsefna og undirbúa þá enn frekar undir háskólanám. Liður í áfanganum er að halda málstofur þar sem nemendur kynna verkefni sín.

Sérstaða

Ein helsta sérstaða skólans er hversu persónulegur hann er. Frá því að nemendur voru 66 árið 2007, hafa þeir mest farið í um 180 en hafa að meðaltali verið á milli 130 og 150. Þetta gerir það að verkum að kennarar og nemendur eiga auðvelt með samskipti sín á milli og útskrifaðir nemendur hafa talið þetta til eins helsta



kosts skólans, hversu auðvelt er að tala við kennarana og vera meira en kennitala á blaði.

Menntaskóli Borgarfjarðar var fyrstur íslenskra framhaldsskóla til að skipuleggja námsbrautir þannig að nemendur gætu að jafnaði lokið stúdentsprófi á þremur árum. Fyrstu nemendurnir voru útskrifaðir árið 2009 og síðan þá hafa 283 nemendur útskrifast frá skólanum. Í dag eru allir framhaldsskólar landsins orðnir þrígga ára skólar en óhætt er að segja að Menntaskóli Borgarfjarðar hafi verið í fararbroddi á landinu í námsmati og kennsluháttum.

MB 2007 – 2020

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs; félagsfræðibraut, íþróttufræðibraut, náttúrufræðibraut og opna braut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið og innan íþróttufræðibrautar geta

þeir valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áherslan er lögð á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut eða annað nám. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila. Helstu breytingar frá árinu 2007 á námsframboði voru árið 2012. Þá var farið af stað með nýja námsleið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, náttúrufræðibraut þar sem nemendur gátu valið búfræðisvið. Sama ár var einnig bætt við íþróttasviði inn á bæði náttúrufræðibrautina og félagsfræðibrautina. Árið 2015 var íþróttasviðið lagt niður og til varð sérstök íþróttufræðibraut þar sem nemendur geta valið félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið.

Nemendagarðar

Nýir nemendagarðar voru teknir í notkun haustið 2014. Um er

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs; félagsfræðibraut, íþróttufræðibraut og opna braut.

að ræða tvær íbúðir á jarðhæð við Brákarbraut. Með stofnun nemendagarða varð auðveldara fyrir nemendur úr uppsveitum Borgarfjarðar og úr nágrannasveitarfélögum að stunda nám við skólann.

Framtíðin

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi verið styrk stöð í borgfirsku samfélagi. Áður en hann var stofnaður var hlutfall útskrifaðra nemenda úr grunnskólum Borgarbyggðar sem sótti framhaldsnám frekar lágt en hefur hækkað mikið eftir stofnun hans. Skólinn er því mikilvæg brú milli grunnskóla og háskóla og bætir aðgengi íbúa Borgarbyggðar og annarra að menntun. Í MB starfa metnaðarfullir og dugmiklir kennarar og nemendur sem sýna bæði ábyrgð og frumkvæði. Því er mikilvægt fyrir samfélagið að standa áfram vörð um skólann til að hægt sé að bjóða ungmennum sveitarfélagsins upp á öflugan framhaldsskóla.



Hvernig skóli er MB?

Skólar eiga sér mislanga sögu og misjafnar áherslur. Áherslur sem geta verið jafn margar og skólarnir eru margir. Ég hef starfað sem skólameistari MB í tæpt ár. Fyrir mér er sögu og áherslum Menntaskóla Borgarfjarðar hægt að lýsa á einfaldan máta; Saman gerum við betur.

Saman

Samfélagið í MB er mjög náð, hér þekkjum við hvert annað mjög vel. Innan MB eru allir með nafn og karakter. Hér verða allir sterkari og fá að njóta sín.

Þegar saman fer ungur skóli með menningu sem styður við framsækni og nemendur sem geta og eiga að taka fullan þátt í skólastarfi þá er von á góðu. Hér geta nemendur ásamt starfsfólki mótað skólann, haft áhrif, komið skoðunum á framfæri og verið skólinn. Saman erum við skóli!

Gerum betur

MB hefur frá því hann var stofnaður verið skóli sem hefur óhikað þorað að fara ótroðnar slóðir og þannig skapað sér sérstöðu. Þessi stað-

reynd felur það í sér að MB vill alltaf reyna eitt-hvað nýtt og hefur hugrekki til að takast á við breytingar. Enda er það stærsta áskorun skóla í nútímasamfélagi að þora að taka áræðin skref og vera í takt við tímann.

Líklega hefur tækniþróun síðustu ára kennt okkur það helst að við spáum ekki fyrir um næstu skref, við þurfum og eigum að halda í við nýjustu tækni og tól og kenna það sem nýjast er. Hins vegar þegar kemur að þeim áherslum sem við kennum er nauðsynlegt að kenna vinnubrögð og víðsýni. Það er þekking og tækni sem að stendur með nemendum til lengri tíma.

Það er því ekki að ósekju að einkunnarorð MB eru; Sjálfstæði - Færni – Framfarir. Í þeim gildum kristallast viðhorf vinnunnar innan skólans. Við viljum vera skóli sem að lítur fram á veginn, vera skóli sem að tekur mið af því sem er að gerast og hafa einkunnarorðin hér að ofan að leiðarljósi.

Að lokum óska ég ritstjórn Eglu til hamingju með þetta stórgóða blað.

*Kveðja
Bragi Þór Svavarsson
Skólameistari*

Gerðu betri kaup heima

Kíktu á netverslunina okkar www.kb.is

Full netverslun af nýjum vörum m.a. jólavörur
fatnaður, leikföng o.m.fl.



Nú er tími til að
gera góð kaup!



Kaupfélag Borgfirðinga svf.
Egilsholti 1 - 310 Borgarnes
Sími: 430 5500
kb@kb.is - www.kb.is

Hólt & gótt

ALLA DAGA

HEIMILISMATUR
Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN
BOOST, SKYRSKÁLAR O.M.FL.



SPARAÐU MEÐ SALAT- OG
MATARKORTUNUM

FÖÐURSTÖÐIN
FOODSTATION • RESTAURANT & SHOP

Digranesgata 4 - Borgarnes - Sími 430 5600



Fyrrverandi MB-ingur

Eva Huld

1. Hvað heitir þú?

Eva Huld Hafþórsdóttir

2. Hvað ertu gömul?

Ég er 21 árs.

3. Á hvaða braut varstu?

Ég var á félagsfræðabraut.

4. Hver voru framtíðarplön þín eftir útskrift?

Ég ætlaði alltaf að fara í sálfræðina og verða sálfræðingur á stofu.

5. Planaðirðu að fara í háskóla eða meira nám eftir útskrift?

Ég vissi að ég myndi fara í háskóla en það var eitthvað sem gaf til kynna að ég var ekki alveg með fullan áhuga á sálfræðinni, en ég vissi ekki hvað það var þannig ég ákvað að bíða aðeins. Í staðinn fór ég í smá Asíu reisu með vinkonu minni - það var geggjað.

6. Er eitthvað sem þú hefðir viljað geta gert fyrir útskrift en gerðir ekki?

Nei svo sem ekki, nema kannski að hafa ekki tekið fleiri náttúrufræðiáfanga.

7. Hvar utanlands ert þú í námi?

Ég er í dýralæknaskólanum í Košice í Slóvakíu.

8. Hvernig er að vera í námi utanlands?

Það er ótrúlega skemmtilegt. Ég reyndar náði

ekki að klára alla önnina úti, ég þurfti að koma heim útaf Covid - 19 og vera í fjarnámi. En sá tími sem ég var úti var geggjaður. Svo gaman að upplifa eitthvað nýtt og svo kynntist ég hellingi af fólki.

9. Myndirðu mæla með námi utanlands?

Já, ég bara gæti ekki mælt meira með því. Á þessum stutta tíma sem ég var úti er ég búin að þroskast mikið og upplifa helling. Það er svo ótrúlega gaman að fara í allt aðra menningu og kynnst nýju fólki. Auðvitað getur verið erfitt fyrst að flytja frá litla Íslandi en mér leið strax vel og ég sé alls ekki eftir þessu - ég get ekki beðið eftir að fara út aftur.

10. Hvaða ertu að læra núna?

Er á 1. ári í dýralæknanámi.

11. Hvert stefnirðu eftir nokkur ár?

Ég ætla að klára skólann - þetta er sex ára nám. Svo langar mig að fara að vinna sem dýralæknir, ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég vil sérhæfa mig í.

12. Eitthvað sem þú vilt segja að lokum?

Það er aldrei of seint að elta drauma sína. Mikilvægt að gera það sem manni langar að gera og ekki láta neitt stoppa sig.)

Egla þakkar þessum frábæru fyrirtækjum fyrir stuðninginn



Júlli Jóns ehf

Borgarnes - Borgarfjörður
Vöruafgreiðsla Engjaási 1 - sími 437-2030



Lífið
í MB



Árið sem að breytti öllu

Ég var 15 ára, í 10. bekk að velta því fyrir mér hvað tæki við eftir að ég útskrifast úr grunnskóla. Ég vissi að mig þyrsti í að læra eitthvað nýtt, stíga eins langt út fyrir þægindaramman sem að ég hafði lifað inn í síðastliðin 15 ár eins og ég mögulega gat. Ég hafði velt því fyrir mér að fara í skiptinám en það átti alltaf að vera þegar ég væri á öðru ári í menntaskóla. Ég ákveð þó að slá til og sækja um skiptinám. Ég vissi að ég vildi læra spænsku og ég vissi að mig langaði í menningarsjökk.

Ekvador var landið sem að mér var úthlutað og ég vissi 0 um Ekvador, hafði varla heyrt um þetta

land áður. 16 ára legg ég af stað, spennt og vissi ekkert hvað biði mín. Frelsið sem að ég fann fyrir á ferðalaginu mínu út til Ekvador

var ótrúlegt. Ég áttaði mig á því hvað ég væri að fara út í þegar ég var á flugvöllinum í Kólumbíu og missti næstum því af fluginu mínu þar sem enginn á flugvöllinum í Kólumbíu talaði ensku.

Síðan kom ég til Ekvador, fjölskyldan mín næstu mánuðina tók á móti mér og frelsistilfinningin var fljót að deyja út þegar ég kom „heim,“ en ég bjó í húsi með risastórri innkeyrslu, fótboltavelli, körfuboltavelli, risastórum vegg allt í kring með rafmagnsgirðingu á toppnum og gaddavír. Fjölskyldan mín var partur af efri stétt í landinu og stéttarskiptingin var mjög augljós, sjokkerandi augljós fyrir mig.

Kunni enga spænsku

Ég gekk í skóla þar sem ég var í bekk með 50 krökkum, í minni stofu heldur en stofunum sem að ég hafði verið í mínum 20 manna bekk í Grunnskólanum í Borgarnesi. Enginn í bekknum talaði ensku og allir störfu endalaust á mig, það

Það kostaði mig um 150 kr að taka taxa en einungis 15 kr að taka strætó svo að í hagræðingarskyni gerði ég það.

Ég eignaðist nýja vini í hverri ferð og endaði oft í einhverjum ævintýrlegum aðstæðum eftir strætóferð heim úr skólanum.





hjálpaði auðvitað ekki að ég kunni enga spænsku, gat ekki einu sinni skilið hvað þau voru að segja þegar þau spurðu: „como te llamas?“ (Hvað heitirðu?) Ég bara brosti til þeirra og sagði: „sí, gracias.“

Menningarsjokkið var svakalegt þegar kennarinn barði strákana í bekknum fyrir að hafa ekki skilað heimanáminu, þegar fjölskyldan mín klappaði til þess að þjónustukonan kæmi og tæki diskinn þeirra og þegar ég fór út og fólk kallaði nafið mitt á eftir mér. Smám saman vandist ég lífinu í Ekvador, lærði spænsku og eignaðist helling af vinum. Ég bjó hjá þremur fjölskyldum sem að voru allar afar ólíkar. Fyrsta fjölskyldan með ríkari fjölskyldum í bænum mínum, seinni var eldri kona sem að bjó ein og hleypti mér inn á heimilið sitt og hugsaði um mig eins og ég væri raunverulega barnið hennar og síðasta fjölskyldan samanstóð af 2 börnum á mínum aldri og foreldrum. Ég á því núna 3 þör af ekvadorískum foreldrum og 6 systkini.

Allt kom með tímanum

Fyrstu mánuðina mína var mér ekki treyst til þess að fara einni út þar sem að ég gat með engu móti bjargað mér, kunni ekki einu sinni að bjarga mér á spænsku. Síðan kom þetta allt með tímanum, ég lærði

spænsku, lærði að taka taxa og síðar strætó sem að var einmitt í sérlegu uppáhaldi hjá mér. Bekkjarfélagarnir mínir sögðu mér að ég ætti að forðast það að taka strætó þar sem að þau töldu að það gæti verið hættulegt. Það kostaði mig um 150 kr að taka taxa en einungis 15 kr að taka strætó svo að í hagræðingarskyni gerði ég það. Ég eignaðist nýja vini í hverri ferð og endaði oft í einhverjum ævintýrlegum aðstæðum eftir strætóferð heim úr skólanum.



Ekvadorar eru rosalega vinalegir og það skipti ekki máli hvert ég fór, ég eignaðist alls staðar nýja vini! Ekki nóg með það að ég hafi eignast helling af vinum frá Ekvador heldur þá eignaðist ég líka vini frá öllum heimshornum í gegnum skiptinemasamtökin þar sem allir skiptinemar í landinu fóru saman í ferðir reglulega. Við fórum meðal annars í ferð djúpt inn í Amazon skógin og til Galapagoseyja þar sem að við syntum með hákörslum og skjaldböfum. Ég ferðaðist mun meira um Ekvador á þessu ári heldur en flestri Ekvadorar hafa gert í sínu lífi, kynntist fleira fólki heldur en ég hafði kynnst á allri minni lífsleið og á einu ári bjó ég mér til nýtt líf.

Það var erfitt að kveðja þetta líf sem að ég hafði búið mér til, kveðja allar fjölskyldurnar mínar og alla nýju vini mína. Ég vissi ekkert hvenær eða hvort ég myndi sjá þetta fólk aftur. Heimkoman var erfiðasti parturinn fyrir mig, eftir að hafa búið í algjörlega öðrum heimi í heilt ár var erfitt að koma aftur heim í venjulega lífið sem að ég hafði lifað í 16 ár og sætta mig við Ekvador ævintýrið mitt væri búið.

Eftir að hafa lifað af skiptinemaárið mitt þá veit ég núna að það er ekkert sem ég get ekki gert, heimurinn stendur mér opinn.

Íris Líf Stefánsdóttir



Fyrrverandi MB-ingur Svava Björk Pétursdóttir

Með góðu skipulagi og þolinmæði útskrifaðist Svava Björk Pétursdóttir sem dúx frá Menntaskóla Borgarfjarðar vorið 2020. Ritstjórn Eglu setti sig í samband við dugnaðarforkinn og spurði hana nokkurra laufletttra spurninga.

1. Hvað heitirðu og hvað ertu gömul?

Ég heiti Svava Björk Pétursdóttir og ég er 18 ára gömul.

2. Á hvaða braut varstu?

Ég var á náttúrufræðibraut.

3. Hvað þurftirðu að gera til þess að geta dúxað?

Ég þurfti að vera skipulögð og vinna hart að því.

4. Hver voru framtíðarplön þín á lokaárinu í MB?

Ég ætlaði að fara til Danmerkur í lýðháskóla í ár og fara svo í háskóla.

5. Hver er staða þín í dag?

Í dag er ég stödd í íþróttalýðháskóla út í Danmörku.

6. Heldurðu að allir geti dúxað?

Já, ég held það, en maður þarf að læra og gefa náminu tíma til að ná árangri.

7. Eitthvað „life-hack“ sem þú mælir með?

Skipulagið skiptir öllu máli.

limtrevirnet.is



Bjóðum vætuna velkomna

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar traustu
og fallegu Lindab þakrennur.



Aðalnúmer: 412 5300 | Söluideild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Netfang - sala@limtrevirnet.is

VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

UMSÓKNARFRESTUR
UM GRUNNNÁM
ER TIL 5. JÚNÍ.



Spennandi nám og öflugt félagslíf
í háskóla í fremstu röð.
Yfir 250 námsleiðir í boði.

Skoðaðu úrval námsleiða í grunnnámi á hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Nýnemar MB

Hvað heitir þú fullu nafni?

Sigfríður Sóley Heiðarsdóttir

Af hverju valdir þú að fara í MB?

Langaði að prófa einhvað nýtt og fara á nýjan stað og kynna nýju fólki

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt eða notar?

Ég vildi að þú værir nagli svo að ég gæti neglt þig hvenær sem mig langar

Hver er uppáhalds kennarinn?

Örugglega bara Sössi

**Hvað heitir þú fullu nafni?**

Atli Hjaltason

Af hverju valdir þú að fara í MB?

Ég valdi að fara í MB því það er flottur skóli

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt eða veist um?

Ef fegurð þín væri mæld í mjólkurlítrum værir þú belja

Hver er uppáhalds kennarinn?

Örugglega Bjarni stærðfræðikennari

**Hvað heitir þú fullu nafni?**

Vilhjálmur Ingi Ríkharðsson

Af hverju valdir þú að fara í MB?

Hann var sá skóli sem var næstur mér

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt eða notar?

Frá 1 upp í 10 þá gef ég þér 9 því ég er þessi eini sem vantar

Hver er uppáhalds kennarinn þinn?

Sölvi



Hvað heitir þú fullu nafni?

Alexander Jón Finnsson

Af hverju valdir þú að fara í MB?

Bý í Borgarnesi

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt eða notar?

Getum við verið malt og appelsín?

Hver er uppáhalds kennarinn þinn?

King Sössi



Hvað heitir þú fullu nafni?

Thelma Rögnvaldsdóttir

Af hverju valdir þú að fara í MB?

Búin að heyra mikið jákvætt um hann og líka bara þægilegt að þurfa ekki að flytja annað til að fara í skóla

Besta pickup lína sem þú hefur heyrt eða notar?

Ætli það sé ekki bara þetta klassíska. „Má ég elta þig heim? Því mamma sagði mér að elta drauma mína.“ Ég er ekki mikið í pickup línunum

Hver er uppáhalds kennarinn þinn?

Ég verð eiginlega að velja Ólöfu



Bræður

Jón Steinar og Þorsteinn
Aron og Andri
Arnar og Bergur
Björn og Stefán
Ármann og Traust



Systur

Þóra og Ásrún
Eyðís og Elísabet



Mæðgur

Ragnheiður og Ásta
Ingunn og Sólrún



Feðgar

Bjarni og Davíð



Mæðgin

Þóra og Þórir



Feðgin

Þóra, Ásrún og Stefán



Björn Ólafur
„Pissublautur.“



Þórir Örn
„Pissublautur.“



Arnór Mikael
„Fæða gæs.“



Harpa Rut
„Fæða gæs því það tekur styttri tíma.“



Elísabet Ýr
„Fæða gæs.“



Lífið í MB



Tvífarar MB

Innan um nemendur og starfsfólk MB leynast tvífarar. Ekki örvænta því ritstjórn Eglu hefur komið auga á þessa tvífara – hér eru þeir!



Birta Björk Birgisdóttir og **Billie Eilish**
Þær eru nú „dálðið“ líkar, enda báðar gullfallegar!



Haukur Ari Jónsson og **Lewis** úr Meet the Robinsons
Þarf að útskýra þetta eitthvað frekar?



Steinar Örn Finnbogason og **Andrés Önd**
Þeir eru ekki bara líkir heldur eru þeir líka báðir bráðskemmtilegir!



Sössi og **Íþróttálfurinn**
Þeir eru kannski ekki tvífarar í útliti en hjartað í þeim brennur fyrir það sama og það er sannleikurinn.



Bragi skólameistari og **Kristján úr Frozen**
Ekki eru þeir bara með svipaðan fatastíl heldur einnig ómótstæðilegt hár.



Andrea Ína Jökulsdóttir og **Barbie**
Þær eru kannski ekki alveg eins í útliti en þær hafa báðar einstaklega þykkt og fagurt hár og drop-dead flottan fatastíl.



Signý María Brink Völundardóttir og **Bratz**

Það eru ekki einungis líkindi með Signý og Bratz heldur eru þær að öllu leiti alveg eins!



Kristján kennari og **Pringles gaurinn**

Það þarf nú ekkert að segja mikið meira um það.



Nes
fasteignasala
sendir óskir um
gleðilega hátíð
og þakkar
viðskiptin
á árinu

Egla þakkar þessum frábæru fyrirtækjum fyrir stuðninginn





Hrútur (21. MARS – 19. APRÍL)

Eftir allt þetta bras sem þú varst að koma þér út úr, þá ertu búinn að vera svolítið lokaður. Þú verður að prófa að fara út fyrir boxið, prófa eitthvað nýtt eins og að setja á þig brúnkukrem, lita á þér hárið eða fara og vinna á kassa í Bónus. Mundu bara að hugsa vel um sjálfan þig og brosa í gegnum heiminn. Hann er ekki svo slæmur eftir allt saman. Það er verið að auglýsa eftir aukaleikara í mynd hjá Balta – prófaðu að sækja um! Ég ráðlegg þér að drekka sem mest af kókómjólk, borða smákökur og dressa þig reglulega upp sem Pétur krossfiskur.



Naut (20. APRÍL – 20. MAÍ)

Hafðu heilsuna hjá þér efst í huga og gættu þess að ofkeyra þig ekki. Það er aðeins farið að sjást að þú ert búinn að lenda nokkrum sinnum í sóttkví og ekki komist í ræktina. Þú ert nú samt alveg að elska það smá að geta verið einn heima allann daginn og þurfa ekki að hitta fólk. En auðvitað getur þetta verið þreytandi til lengdar. Horfðu í spegil og segðu: Ég er flott/ur! Á hverjum morgni. Ég ráðlegg þér að fá þér einn kaffibolla og fara út að hlaupa, skoða náttúruna og til að hreyfa þig aðeins, þá veistu að það Gillz getur tekið þig í fjarþjálfun heima.



Tvíburar (21. MAÍ – 20. JÚNÍ)

Covid er að fara alveg skelfilega með þig. Þú þorir ekki að fara í sund því þú ert hrædd/ur við að smitast. Þú ert að passa þig vel og nokkuð öruggt að Víðir sé ánægður með þig. Taktu þér tíma í að hugleiða á daginn til þess að róa taugarnar aðeins og minnka stressið. Hringdu í frænku þína sem þú hefur ekki hitt lengi, hún er einmitt að pæla hvað þú ert að gera í lífinu núna. Ég ráðlegg þér að hendast í eitt gott heimapartí, drekka þig fulla/nn og enda svo heima hjá einhverjum sem þú þekkir ekki neitt.



Krabbi (21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ)

Þú verður að fara að halda eins og eitt gott fjölskylduboð og bjóddu besta vini þínum í það. Þú verður líka að leyfa listamanninum í þér að brjótast út, hentu því í eitt sætt málverk og gefðu crushinu þínu það, já og hringdu líka í það. Passaðu eitt líka, vinur þinn er nefnilega eitthvað að reyna við crushið þitt. Maður veit aldrei nema allt í einu. Ég ráðlegg þér að hlusta aðeins meira á það sem er verið að segja í spænsku tímum, það er ekki þess virði að sitja áfangann aftur. Fáðu þér kakó og grillaðu sykarpúða reglulega.



Ljón (23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST)

Þú vilt samt vanda þig svo ofsalega í öllu sem þú gerir og það er frábært því þú vinnur þína vinnu svo vel. En það getur stoppað þig eins og ef þú værir að mála málverk, bætir alltaf við nýjum strikum, litum, bogum eða húsum, en þér finnst það aldrei nógu gott. Þá verður það málverkið endalausa, svo þess vegna þarftu að byrja að gefa þér smá tíma og klára, það er lausnin frekar en að reyna að fullkomna. Næstu fimm mánuðir eru uppfullir af spennandi tækifærum og þú gefur þér miklu meiri tíma í að láta þig bara vaða til að breyta því sem þú vilt breyta. Ég ráðlegg þér að horfa mikið á íslenskar bíómyndir, þær eru í alvöru ekki jafn slæmar og þú ert búinn að ákveða. Poppaðu með myndinni og fáðu þér eitt hvítvínsglas með.



Meyja (23. ÁGÚST – 22. SEPTEMBER)

Ástin er eitthvað svo skemmtileg á þessu tímabili elsku Meyja. Óbeisluð er kynorka þín sem þú getur nýtt þér til svo margs. Rétti lífsförunautur þinn gæti svo sannarlega mætt þér árið 2021. Hentu þér á Tinder og skelltu þér svo á Tinder stefnumót. Deitið þitt mun enda ótrúlega vel en þið munuð ekkert endilega enda sem par, kannski bara vinir og það er allt í lagi. Þetta mun svo vera besti vinur þinn hingað til. Ég ráðlegg þér að reyna að halda bílskúrssölu og selja þetta dót sem þú ert ekkert að nota. Dressaðu þig upp sem Guffi í Mikka mús.



Vog (23. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER)

Það er eitthvað að angra þig og þú þarft að hætta að kæfa niður tilfinningarnar þínar og reyna að leysa úr þeim frekar. Þú veist fátt skemmtilegra en að henda þér á b5 og enda svo í einhverju góðu eftirpartí heima hjá einhverjum sem þú þekkir ekki neitt. En núna þegar bærinn er lokaður og það má ekki fara á djammið þá hengur þú heima allann daginn í tölvuleik. Þú ættir kannski að prófa að fara út úr húsi og skoða umhverfið í kringum þig, það mun koma þér á óvart hvað er mikið fallegt í kringum þig. Ég ráðlegg þér að hengja upp fullt að myndum af Guðna Ágústssyni og eynhirningum í herbergið þitt.



Sporðdreki (23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER)

Versti óvinur þinn er að ná heimsyfirráðum og það er undir þér komið að stoppa hann, hvernig ætlar þú að gera það? Ef þú ferð ekki að gera eitthvað þá munt þú lúta undir versta óvini þínum, ekki viltu það? Nei, ég segi nú bara svona. Hættu samt að hlusta á allt þetta leiðinlega sem er verið að segja við þig, þú ert svo flottur! Get alveg lofað þér því að hún amma þín elskar þig og að hún vilji fá þig í kaffi. Passaðu bara að vera ekki með Covid áður en þú ferð. Ég ráðlegg þér að lesa fullt af bókum, horfa svolítið á heimildamyndir og drekka vatn.



Bogamaður (22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER)

Þú verður að slaka aðeins á þú er alveg að brenna yfir og veist ekkert hvað þú vilt. Þú veist nú samt að þú ert með of marga drauma prinsessur/prinsa, og þú þælir of mikið í því hvað þeim finnst um þig. Opnaðu augun aðeins betur og þá sérðu að ástin stendur beint fyrir framan þig. Gríptu hana og haltu fast í þessa ást. Þessi ást mun gera þig að svo góðri manneskju og þér mun líða svo vel, sama hvernig hún endar. Þú munt byrja að elska alla og vera góður við alla. Þetta mun lyfta þér enn hærra og þú munt aldrei gleyma þessu. Ég ráðlegg þér að byrja að heilsa öllum sem þú mætir sama hvar þú ert. Byrjaðu að spila skák og tölvuleiki til skiptis.



Steingeit (22. DESEMBER – 19. JANÚAR)

Opnaðu þig bara fyrir öllum og farðu að kynnast nýju fólki. Þú elskar lífið og að lifa því. Þú sérð það jákvæða í öllu. Staðurinn sem þú stendur á núna er sá allra besti hingað til, en þú getur gert lífið enn skemmtilegra með enn skemmtilegra fólki. Prófaðu eitthvað nýtt mataræði því það getur glatt þig enn fremur að byrja t.d. að borða aðeins meira af súkkulaði rúsínun en þú gerðir áður. Gerðu þína stærstu drauma opinbera því þá er mun líklegra að þú farir á eftir þeim. Ég ráðlegg þér að fara í hugleiðslu að lágmarki tvisvar í mánuði og að dressa þig upp sem dragdrottning svona einu sinni í viku.



Vatnsberi (20. JANÚAR – 18. FEBRÚAR)

Þú ert nú meiri flippkisinn elsku vatnsberinn minn! Það má segja að þú sért á hátindi lífs þíns og þig langar ekkert meira en að henda þér í einn síðkjól og taka vals upp á Mount Everest. En þú verður að passa þig að ganga ekki of hratt í gegnum gleðinnar dyr því þú ert smá að gleyma að grípa tækifærin. Þetta hefur stoppað þig hingað til. Heyrðu já, og bleiku sokkarnir sem þú ert búinn að vera að pæla svo mikið að fara í út úr húsi, gerðu það bara! Það mun enginn dæma þig fyrir það. Ég ráðlegg þér að eyða sem mestum tíma í náttfötum og sýna eins mikið frá þér á Instagram því í alvöru, þú ert á hátindi lífs þíns.



Fiskur (19. FEBRÚAR – 20. MARS)

Þú ert smá að festast í innlendri pólitík og eru samgöngumál það sem liggur þér mest á hjarta. Þér langar svolítið að komast inn á þing til þess að laga þau og svo að þú verðir hetja í augum fólks í landinu. Á sama tíma langar þér alveg rosalega að verða besti kokkur í heimi og elda fyrir Gordon Ramsay en svo fattar þú að þú kannt bara ekkert að elda nema egg og pylsur. Ekki gefast upp, þetta mun koma hjá þér! Heyrðu já, það náðist vídjó af þér syngja í sturtu um daginn og Lady Gaga er að leita af þér því hún vill gera lag með þér. Ég ráðlegg þér að hafa prinsessu sængurver utanum sængina þína og borða Lucky Charms.



Ávarp formanns nemenda- félags MB

Kæru nemendur, kennarar og aðrir lesendur

Nú fer þessi haustönn að líða undir lok en hún hefur verið mjög öðruvísi og krefjandi fyrir alla þá sem koma að skól- anum vegna Covid-19 faraldursins. Stór hluti annarinnar hefur verið kenndur í fjarnámi sem hafði þau áhrif að bæði kennarar og nemendur hafa þurft að finna nýja lausnir til að halda sér við efnið og gera námið spennandi. Þetta hefur ekki einungis haft áhrif á það hvernig kennslan fer fram heldur einnig félagslífið.

Þegar ég bauð mig fram í formannstöðuna síðasta vor þá datt mér ekki í hug að staðan yrði svona og að meirihluti viðburða myndi fara fram á netinu eða með ákveðnum takmörk- um. Þessi tími hefur verið erfiður en á sama tíma mjög skemmtilegur og hefur þetta verið lærdómsríkur ferli fyrir okkur í stjórninni. Áður en allt var sett á ís þá náðum við t.d. að vera með grínkvöld þar sem Pétur Jóhann kom og var með frábært uppistand, vorum með NBA- kvöld og skemmtilegan ratleik. Hins vegar eftir að kennslan var færð yfir á Teams höfum við þurft að nota ímyndunaraflíð ennþá meira og finna eitthvað fyrir okkur að gera. Við höfum meðal annars verið með Pubquiz í beinni inn á Facebook og hönnunarsamkeppni en báðir við- burðir heppnuðust mjög vel. En mér finnst mjög mikilvægt ef að við lendum aftur í þessu að við stöndum jafn þétt saman og skiptumst á hug-

myndum svo að við getum haldið félagslífinu lifandi þrátt fyrir þessar samkomutakmarkanir.

Ég vona innilega að aðstæðurnar í landinu muni haldast góðar eftir áramót svo að við get- um haft mikið gaman saman og framkvæmt sem flestar hugmyndir sem bæði þið og við erum með. Á döfinni ef aðstæður leyfa eru þá fastir árlegir viðburðir líkt og skíðaferð og árshátíð ásamt ýmsum nýjungum og smærri viðburðum. Að mínu mati ætti stjórnin hins vegar ekki bara að sjá um félagslífið heldur allir nemendur skól- ans. Þess vegna vil ég hvetja ykkur til að halda áfram að vera dugleg að koma til okkar með hugmyndir um viðburði sem ykkur langar til að hafa. En til að félagslífið verði gott er ekki bara nóg að hafa viðburði heldur þurfum við nem- endur allir að mæta á þessa viðburði, þannig kynnumst við betur, eignumst fleiri nýja vini og sköpum betri stemningu í skólanum.

Nú þurfum við að klára þessa önn með glæsi- brag og svo munum gera allskonar skemmtilegt á næstu önn. Hvort sem að það verði böll, uppistand eða eitthvað annað þá vona ég að sem flestir muni mæta og hjálpa okkur að gera félagslífið betra. Að lokum vil ég hvetja ykkur til að vera ófeimin við stíga út fyrir þægindara- mmann þar sem að þetta er besti tíminn til að prófa nýja hluti, kynnst nýju fólki og að njóta þess að vera til.

Marínó Þór Pálmason



Jarðvinna - Vélaflutningar - Mælingar Klæðningar á vegi og plön - Húsflutningar

Skrifstofa: Borgarbraut 57 - 310 Borgarnesi
Verkstæði: Sólbakki 17-19 - 310 Borgarnesi
og Víkurheiði 6 - 800 Selfossi

Sími: 430-0300
Netfang: borgarverk@borgarverk.is

Stjórn Nemendafélags MB



Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar, NMB, hefur verið starfrækt frá stofnun skólans eða allt frá árinu 2007. Stjórn nemendafélagsins skipa fimm nemendur: formaður, gjaldkeri, ritari, skemmtanastjóri og meðstjórnandi.

Hvað heitir þú?

Daniel Fannar Einarsson.

Á hvaða ári ert þú?

Þriðja ári.

Hvaða skósthæð notar þú?

46

Hvert er hlutverk þitt í stjórninni?

Ég er gjaldkeri.

Hvert stefnir þú eftir menntaskóla?

Vinna (sjálfstætt), ferðast, mögulega háskóla ekki búinn að ákveða.

Hvernig finnst þér að vera í nemendafélaginu?

Mjög gaman og skapandi ef maður vill, mikið sem hægt er að gera sem getur nýst manni í framtíðinni.

Uppáhalds viðburðurinn þinn?

Tropical ballið verður 100p upphalds í ár, vonandi náum við að halda það.

Mottóið þitt í lífinu?

You have to spend money to make money.



Hvað heitir þú?

Marinó Þór Pálmason

Á hvaða ári ert þú?

3

Hvaða skótaskærð notar þú?

46

Hvert er hlutverk þitt í stjórninni?

Formaður.

Hvert stefnir þú eftir menntaskóla?

Til USA í háskóla.

Hvernig finnst þér að vera í nemendafélaginu?

Mjög gaman og gefandi

Uppáhalds viðburðurinn þinn?

Hingað til hefur ekkert toppað árshátíðina.

Mottóið þitt í lífinu?

Hakuna matata.



Hvað heitir þú?

Gunnar Örn Ómarsson.

Á hvaða ári ert þú?

3,5

Hvaða skótaskærð notar þú?

44,5

Hvert er hlutverk þitt í stjórninni?

Ég er ritari og á því að gera fundargerðir, sem ég er mjög duglegur að gera. Síðan bara koma með skemmtilegar hugmyndir og sinna allskonar tæknimálum.

Hvert stefnir þú eftir menntaskóla?

Á toppinn.

Hvernig finnst þér að vera í nemendafélaginu?

Skemmtilegt, fæ mikið pláss til að fíflast og gera einhverja vitleysu fyrir nemendur.

Uppáhalds viðburðurinn þinn?

West Side, en núna síðustu mánuði út af Covid þá eru það dagarnir sem videonefndin gefur út video.

Mottóið þitt í lífinu?

Skal vi dele boller eller bolle en del.



Hvað heitir þú?

Bjartur Daði Einarsson

Á hvaða ári ert þú?

Ég er á öðru ári.

Hvaða skótaskærð notar þú?

44,5

Hvert er hlutverk þitt í stjórninni?

Skemmtanastjóri.

Hvert stefnir þú eftir menntaskóla?

Ekkert ákveðið enn.

Hvernig finnst þér að vera í nemendafélaginu?

Fyrst og fremst skemmtilegt, gott að geta komið með skoðanir um félagslífið og að taka þátt!

Uppáhalds viðburðurinn þinn?

Auðvitað böllin og árshátíðin.

Mottóið þitt í lífinu?

Look good feel good play good!



Hvað heitir þú?

Elinóra Ýr Kristjánsdóttir.

Á hvaða ári ert þú?

Fyrsta ári.

Hvaða skótaskærð notar þú?

Ég nota skótaskærð nr 37-39.

Hvert er hlutverk þitt í stjórninni?

Ég er nýnemafulltrúi í stjórninni.

Hvert stefnir þú eftir menntaskóla?

Ég veit ekkert hvað mig langar að gera eftir menntaskóla.

Hvernig finnst þér að vera í nemendafélaginu?

Mér finnst það bara mjög gaman að vera í nemendafélaginu.

Uppáhalds viðburðurinn þinn?

Uppáhalds viðburðurinn minn verður að vera uppistandið hjá Pétri Jóhanni þar sem það er eini viðburðurinn sem ég er búin að fara á hahah.

Mottóið þitt í lífinu?

Mottóið mitt í lífinu = bara hafa gaman :)



Félagaslífið

Skíðaferð

Dagana 17. og 18. febrúar stóð nemendafélagið fyrir skíðaferð. Farið var í Bláfjöll og gisti eina nótt í einum skálanum. Í ferðina fóru 26 nemendur og skemmtu allir sér mjög vel. Lagt var af stað frá skólanum klukkan 12 á mánudegi og var mannskapurinn kominn í Bláfjöll um tveimur tímum síðar. Þá gátu allir farið út að renna sér. Domino's sá um sam-eiginlegan kvöldverð fyrir skíðahópinn sem eldaði 20 pítsur. Þegar allir voru saddir og mettir var spilað saman. Daginn eftir var vaknað eldsnemma, eða rétt um kl. 10. Eftir morgunmatinn (sem var alltof snemma), var svo



hægt að fara aftur út að renna sér. Lagt var af stað frá Bláfjöllum kl. 18 og voru allir komnir í Borgarnes tveimur tímum síðar.

Nýnemavika

Nýnemavika MB var vikuna 24. - 28. ágúst. Þessa viku voru þemadagar, sem virkuðu þannig að hver

dagur var tileinkaður sérstöku þemu. Það áttu til dæmis allir nýnemar að mæta með buff eins og krakki á þriðjudeginum,

mæta með svuntu eins og amma á miðvikudeginum, mæta í skyrtu á fimmtudeginum og mæta í peysu eða bol sem sneri öfugt á föstudeginum. Það voru síðan settar nokkrar reglur sem nýnemar þurftu að fylgja eftir þessa viku til þess að fá ekki punkta. Reglurnar voru þær að bannað var að fara út fyrir teipið = 1 punktur, bannað að sleppa þemadegi = 2 punktar, bannað að mæta of seint í tíma = 2 punktar, bannað að sofna í tíma = 2 punktar, bannað að sjást í Nettó = 2 punktar og bannað að drekka orku-drykki = 2 punktar. Það var svo valin vinningshafi sem var með fæstu punktana og það var enginn annar en hann Alexander Jón Finnsson sem var uppi sem sigurvegari og vann hann hátalara, gjafabréf og fleira.



Grínkvöld

Grínkvöld MB var haldið fimmtudaginn 10. september. Grínkvöldið var skipulagt af nemendaráði MB. Boðið var upp á uppistand þar sem enginn annar en Pétur Jóhann Sigfússon kom og kitlaði hláturtaugar nemenda MB. Auk Péturs var einnig horft á grínmynd öllum til mikillar skemmtunar.

PubQuiz

Covid hefur heldur betur litað félagslíf skólans þetta árið. Fyrst í vor og núna í þriðju bylgjunni. Heimsfaraldur sem þessi hefur töluverð áhrif á upplifun nemenda þar sem félagslíf spilar stóran þátt í skólalífinu. Í stað þess að vera saman og kynnst þá eru allir heima hjá sé og enginn má hittast. Nem-

endaráðið okkar góða hefur þó ekki dáðið ráðalaust og henti í eitt PubQuiz kvöld á þessari haustönn. Þá voru allir heima hjá sér í sinni tölvu og svöruðu spurningum sem nemendaráðið var búið að semja. Mæting á PubQuiz kvöldið var nokkuð góð og allir skemmtu sér konunglega.



Samstarfsaðili þinn í upplýsingatækni

Upplýsingatæknin er allt í kringum okkur. Hún einfaldar lífið og sparar dýrmætan tíma. Á hverjum degi nota fyrirtæki af öllum stærðum, í öllum greinum, um land allt upplýsingatæknilausnir frá okkur til að veita framúrskarandi þjónustu.

www.advania.is





Árshátíð MB 2020





Pikköpplínur

Til að finna ástina þarf oftast en ekki að brjóta ísinn með góðri línu, pikköpplínu öllu heldur. Þessi fyrsta lína getur verið byrjunin á fallegu ástarævintýri eða hreinlega djúp hola sem erfitt er að grafa sig upp úr. Hér hefur ritstjórn Eglu tekið saman nokkrar pikköpplínur en ritstjórn minnir lesendur á (og leysir sig þannig frá allri ábyrgð) að hver sá sem lætur reyna á þessar línur geri það á eigin ábyrgð.



„Á skalanum 1-10
þá held ég að þú sért 9
og ég sé þessi 1 sem
þú þarft.“

„Ef þú værir aðalréttur
værir þú nautasteik
með bernaise.“



„You know what is on the menu? Me-n-u.“

„Ef þú værir bjór værir þú Einstök.“

„Are you from Tennessee? Because you are
the only ten I see.“

„Ef ást mín á þér væri mæld í mjólkurlítrum
þá værir þú kýr.“

„Þú ert eins og norðurljósinn. Gullfalleg og
það sem allir vilja sjá. En geta ekki snert...“

„Ef ég ætti ósk þá værir þú óskin.“

„Án þín er ég eins og sólarlandaferð
án sólarinnar.“

„Disneyland er víst hamingju-
samasti staður í heimi! ...En
enginn sem segir það hefur farið
upp í rúm með þér.“



Er komin **sprungu**
eða **steinkast** í
framrúðuna?



Við hjá SBB tökum að okkur
að skipta um framrúður
í öllum stærðum af bílum



Þjónustum öll tryggingafélög

**Sprautu & Bifreiða-
verkstæði Borgarness**

Sólbakki 5 | Borgarnesi | 437 1580 | sbb@simnet.is

Ríkki G.

útvarps- og dagskrárgerðarmaður

Ríkharð Óskar Guðnason eða Ríkki G. eins og hann er hvað þekktastur fyrir er góðvinur MB og hefur verið fenginn til að veislustýra árshátíð. Ritstjórnin setti sig í samband við Ríkka og fékk að spyrja hann nokkurra spurninga.

Hvað heitir þú fullu nafni?
Ríkharð Óskar Guðnason

Hvað ertu hár?
Heyrðu, ég er enginn risi en nýti alla mína 176 sm mjög vel.

Hvaða skóstarð notar þú?
42,5 til að vera nákvæmur

Hvert fórst þú í framhaldskóla?
Ég, krakkar mínir, fór í stutta stund í Iðnskólann í Reykjavík til að læra að verða múrari eins og langafi, afi og pabbi. Ég sá samt strax að ef ég yrði múrari þyrfti prestur að blessa öll heimili í Reykjavík sem ég myndi vinna við. Múrinn átti alls ekki við mig. Það tók pabba svona hálf ár að fyrirgefa mér það að brjóta áratuga langa hefð. Ég hætti eftir 3 mánaða nám og fór að elta útvarps- og sjónvarpsdrauminn minn.

Hver er manneskjan á bakvið Ríkka?
Hún er einlæg út í gegn, kem ávallt til dyranna eins og ég er klæddur og er óhræddur við að gera það sem mér finnst best hverju sinni. Ég mætti reyndar stundum hlusta á fólk í kringum mig en ég hef alist upp við það að ef þú vilt eitthvað þá

verðurðu að sækja það sjálfur. Ég hef aldrei pælt í hvað öðrum finnst um mig.

Sofa – Drepa – Giftast, Auðda – Steinda – Gilz? Af hverju þú velur þú þá?
Sko, Steinda þarf ég að senda út í sveit því miður. Ég á minnst sameiginlegt með honum. Ég nenni ekki að sjá um heimilið á meðan hann spilar tölvuleiki allan sólarhringinn. Hitt er ómögulegt að velja. Ástæðan fyrir að ég hallast örlítið meira að Auðda er að við elskum báðir golf en Gilsa minn getur ekki sveiflað kylfu til að bjarga lífi sínu. Ég myndi giftast Blö, færum í 5 - 6 golfferðir á ári og myndi síðan sofa hjá Gilsa.

Hverjar eru bestu Pickup línur sem þú hefur heyrt?
Held að vinur minn eigi þá allra bestu

og verstu í leiðinni. „Sælar stelpur, Ívar heiti ég málari og dyravörður á Sólon.“

Hver er drauma áfangastaður þinn?
Myndi nánast fórná útlím til að sitja á Eugenz hjá Mike Brown á Tenerife með Gilsa þar sem frozen strawberry daqiri væri á leiðinni á borðið. Tene er the best place on the planet.

Segðu satt, hefur þú verið í handjárnnum?
Já, en fer ekki nánar út í það, takk.

Hverjir eru þeir sem þú lítur mest upp til?

Fyrst og fremst leit ég mikið upp til afa míns heitins. Hann var maður sem var með gildi sem ég hef í dag.

Hvernig er fullkominn dagur hjá þér?

Fullkominn dagur er vakna 05:50, mættur í Brennsluna, besta morgunþátt landsins hér á FM, kl.12



Ég sá samt strax að ef ég yrði múrari þyrfti prestur að blessa öll heimili í Reykjavík sem ég myndi vinna við. Múrinn átti alls ekki við mig. Það tók þabba svona hálf t. ár að fyrirgefa mér það að brjóta áratuga langa hefð.

væri svo góð æfing tekin, síðan myndi maður eyða tíma með fjölskyldunni fram eftir degi, grilla góða steik og enda svo í kvöldgolfi þegar það er bjart allan sólarhringinn. Það er ákaflega huggulegur dagur í mínum bókum.

Lífsmottó?

Mottóið mitt er mjög einfalt. Eltu draumana þína, sama hversu f. áránnlegir þeir kunna að hljóma. Ef þú nærð ekki einum draumi, búðu þá til annan.



Egla þakkar þessum frábæru fyrirtækjum fyrir stuðninginn



***Pórdís Sif* Sigurðardóttir,** **sveitarstjóri Borgarbyggðar**



Hvenær hófstu störf/fluttir í Borgarbyggð?

Ég hóf störf 26. mars 2020 og flutti þá í leiðinni upp í Borgarnes, það var í miðjum Covid þannig að það var skrítið að flytja.

Hver voru þín fyrstu viðbrögð þegar þú fékkst að vita að þú værir að snúa aftur á æskuslóðir og sem nýr sveitarstjóri?

Bara mjög spennandi, ótrúlega spennandi og gaman að fá þetta tækifæri til þess að láta gott af sér leiða fyrir sveitarfélagið sem að er í hjarta manns.

Hvað telur þú þig koma með sem mun styrkja sveitarfélagið?

Ég kem með ákveðna reynslu úr sveitarstjórnarmálum sem staðgengill sveitarstjóra og þekkingu á sveitarfélaginu okkar og ég held að hvort tveggja nýtist mjög vel.

Hvar telur þú styrk Borgarbyggðar liggja?

Það er á ótrúlega mörgum stöðum. Það var skemmtilegt þegar var gerð markaðs- stefnumótun fyrir sveitarfélagið núna í vor og út úr því kom svolítið hvar okkar styrkleikar liggja og tækifæri. Ég held að það sé tækifæri fyrir okkur að vera nálægt Reykjavík, það er ótrúlega falleg náttúra hérna og fjöll og skógar og klettur sem eru bara yndislegir og bara tækifæri í allskonar uppbyggingu á atvinnu og góðu samfélagi.

Hvernig sérðu Borgarbyggð fyrir þér þróast næstu 10-20 árin?

Ég sé fyrir okkur að við verðum þéttara sveitarfélag þar

sem við stöndum meira saman og þekkjumst betur og gerum meira fyrir samfélagið öll saman. Ég geri ráð fyrir að við stækjum og íbúum fjölgi, hugsanlega verða stækkanir með sameiningum, ég skal ekki segja. En ég sé allavega fyrir mér blómlegt sveitarfélag með mikilli menningu og íþróttum eins og er núna, og við getum byggt upp það sem fyrir er, byggt á góðum grunni.

Nú sækja margir íþróttahúsið, ungir sem aldnir, til að huga að heilsu sinni. Þarna eru skólarnir í bænum (MB og grunnskólinn) með leikfimi og sund, eldri borgarar með sína leikfimitíma og allir þar á milli sækja íþróttahúsið. Ofan á það bætast æfingar í körfubolta, fótbolta, badminton, frjálsum svo fátt eitt sé nefnt.

Það eru flestir sammála um að íþróttahúsið sé löngu sprungið. Hvenær á að stækka íþróttahúsið? Og af hverju er ekki löngu byrjað á því?

Íþróttahúsið var sprungið þegar ég var hérna í íþróttum 16 ára, eða

Ég kem með ákveðna reynslu úr sveitarstjórnarmálum sem staðgengill sveitarstjóra og þekkingu á sveitarfélaginu okkar og ég held að hvort tveggja nýtist mjög vel.

allavega að okkar mati sem vorum að æfa íþróttir. Þannig að þetta er búið að vera lengi í umræðunni. Það er nefnd núna hjá sveitarfélaginu að ljúka störfum á næstu vikum eða mánuðum um framtíðarskipulagningu íþróttamannvirkja, þá er bæði verið að horfa til fjölnota íþróttahúss og líka í rauninni inni íþróttahús. Núna, vegna Covid, eru tekjur sveitarfélagsins að minnka og

þótt við megum kannski ekki alveg draga úr framkvæmdum þurfum við að skoða hvað við getum gert. Þess vegna get ég ekki sagt að við byrjum 2020 – 2022, en það var stefnan að byrja byggingu 2022, hönnun hússins árið 2021 og stefnt að því að byggja 2022, en við þurfum eitthvað að skoða hvort að það frestist. Síðan er líka verið að reyna að finna staðsetningu og greina þörfina. Vonum að það komi sem fyrst.

Eitthvað sem þú vilt bæta við að lokum?

Mér finnst íbúar Borgarbyggðar vera ótrúlega heppnir að vera með menntaskóla og ég held að tilkoma hans hafi verið mikil bragabót fyrir íbúa. Ég hefði alveg viljað hafa menntaskóla hérna þegar ég var að alast upp í Borgarnesi. Þá hefði maður pottþétt verið hérna lengur og það er mikilvægt fyrir okkur að þið, nemendur Menntaskólans, séuð hérna. Það gæðir sveitarfélagið lífi, þannig að það er rosalega gott að halda ykkur og gaman að fylgjast með ykkur. Þetta er flottur skóli.

Íþróttamiðstöðin
í Borgarnesi

Opnunartímar:
mán-fös 6:00-22:00
lau-sun 9:00-18:00

Bikarmeistararnir

Fyrr á þessu ári, laugardaginn 15. febrúar, vann kvennalið Skallagríms sannfærandi sigur á KR í úrslitum Geysisbikar kvenna í Laugardagshöllinni. Sigurinn var sögulegur fyrir þær sakir að þetta var fyrsti bikarmeistaratitill Skallagríms í sögu félagsins.

Skallagrímskonur náðu forystu strax í byrjun, en KR komst yfir þegar að langt var liðið á fyrsta leikhluta. Undir lok annars fjórðungs náðu Borgnesingar góðri forystu og héldu henni restina af leiknum. Lokatölur voru 66-49 og fyrsti bikarmeistaratitillinn í hús. Áður hafði kvennalið

Skallagríms orðið Íslandsmeistari árið 1964 en síðan þá, engir titlar. Maður leiksins var Keira Robinson sem skoraði 32 stig í leiknum og tók 11 fráköst.

Skallagrímskonur byrjuðu tímabil-ið í ár með látum. Fyrstu leikur tímabilsins var í september gegn Vals-stúlkum í meistari meistaranna. Þar

höfðu okkar stúlkur betur og fara af stað inn í nýtt tímabil með splunku-nýjan titil. Ritstjórn Eglu hafði samband við systurnar Guðrúnu Ósk, þjálfara kvennalið Skallagríms, og Sigrúnu Sjöfn, fyrirliða liðsins, og fenguð við þær stöllur til að svara nokkrum spurningum fyrir lesendur Eglu.

Guðrún Ósk Ámundadóttir

Hvaða skórstærð notar þú?
41

Við hvað starfar þú fyrir utan þjálfun á Skallagrími?
Ég vinn hjá Arion Banka.

Hver er körfuboltaferill þinn?
Ég byrjaði í Borgarnesi ung og spilaði alveg þangað til ég fór í framhaldsskóla. Þá fór ég í Hauka og spilaði þar í nokkur ár. Svo fór ég að spila með KR og svo aftur í Hauka. Svo endaði ég hérna með Skallagrími þegar að við stofnuðum kvenna-körfuboltann og liðið fór upp í efstu

deild. Svo hef ég verið hérna síðan ég var að spila sjálf og svo núna þetta ár, 2019, þá byrjaði ég að þjálf-
liðið.

Hvernig var tilfinningin að vinna þennan titill með Borgarnesi, þar sem Borgarnes hefur ekki unnið titill síðan 1964?

Þegar maður stofnar lið þarf maður alltaf að byrja í 1. deild og við unnum hana. Síðan hefur markmiðið verið að ná stórum titli eftir að liðið komst upp í úrvalsdeild og við ætluðum að gera það á þremur árum. Það tókst loksins og við

urðum bikarmeistarar og tilfinningin sjálf er eiginlega bara ólýsanleg. Ég er ótrúlega stolt og ótrúlega gaman að hafa gert þetta fyrir Skallagrím.

Hefur þetta verið draumur þinn lengi að ná titill fyrir Borgarnes?

Já, ég hef 6 sinnum orðið bikarmeistari með Haukum og KR en aldrei fyrir heimaliðið mitt þannig að þetta hefur verið draumur lengi, alveg frá því ég var lítill, að ná einhverjum titli fyrir Skallagrím.

*Finnst þér ekki frábært að þú hafir náð svona frábærum árangri á þessum stutta tíma sem þú hefur verið að þjálf-
Skallagrím?*

Jú mjög, þetta er búið að vera mikil vinna og undirbúningur og svo er ég líka bara með geggjað lið í höndunum, frábærar stelpur sem eru allar að stefna að því sama, hungraðar í sigur og langar að ná langt. Fyrst og fremst er hópurinn geggjaður, geggjaður aðstoðarþjálfari og stuðningsmennirnir og bara allt í kringum þetta.

Hvernig er tilfinningin að ná svona langt með systur þínum og fjölskyldu?

Hún var bara enn sætari. Ólýsanleg.

Stefnið þu lengra með liðið?

Já, markmiðið er að reyna að komast í úrslitakeppnina og reyna að gera okkar besta þar.



Sigrún Sjöfn Ámundadóttir

Hvaða skóstarð notar þú?

41

Við hvað starfar þú fyrir utan það að spila með Skallagrím?

Ég er í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Hver er körfuboltaferill þinn?

Ég byrjaði í Borgarnesi þangað til ég fór í framhaldsskóla. Þá fór ég með Guðrúnu í Hauka og svo fór ég í KR, svo fór ég í Hamar, svo spilaði ég eitt tímabil í Frakklandi, kom heim og fór aftur í KR, svo fór ég og spilaði eitt tímabil í Svíþjóð, síðan Grindavík eitt tímabil, og svo kom ég aftur í Borgarnes.

Hver er fyrirmynd þín?

Þegar ég var yngri og að byrja að spila körfu var Siggi bróðir mín helsta fyrirmynd. Núna í seinni tíð hefur hann líka hjálpað mér mikið með hugarfarið og andlegu hliðina svo ég leita mikið til hans.

Hvernig var tilfinningin að vinna þennan titill með Borgarnesi, þar sem Borgarnes hefur ekki unnið titill síðan 1964?

Ef að maður á að nota eitt orð þá er það eiginlega ekki hægt, hún er bara ólýsanleg. Guðrún kom hérna fyrst og kom liðinu upp, einhvern veginn þegar að við vorum 15 ára þá sá maður sig aldrei koma hingað aftur, manni fannst bara karfan vera búin í Borgarnesi og maður þurfti að fara eitthvað annað til þess að halda áfram. Síðan þegar liðið var sett á fót þá var maður bara ákveðinn í að fara heim og við ætlum að taka titil. Þegar að það tókst var tilfinningin geggjuð.

Finnst þér ekki frábært sem fyrirliði að þú hafir náð að leiða lið þitt til sigurs?

Jú, það er náttúrulega bara geggjað. Ég hef verið að spila út um allt eiginlega, en þetta er annað árið sem ég er fyrirliði og fyrirliði fyrir þetta félag, og að koma heim með þennan bikar, það er bara geggjað.

Hvernig er tilfinningin að ná svona langt með systur þínum og fjölskyldu?

Það gerir þetta bara enn þá sætara fyrir vikið. Ef ég byrja á mömmu og pabba, þau eru búin að berjast fyrir okkur mjög mikið og frá því að maður var lítill, skutluðu okkur á öll mót, fóru á Patreksfjörð og næsta helgi á Ísafjörð, þau skutluðu okkur allt og gerðu allt svo að maður

Var alltaf planið að koma aftur í Skallagrím?

Nei. Ég var 15 - 16 ára þegar að ég fer og þá sá ég ekki fyrir mér að það yrði eitthvað kvennalið í Borgarnesi. Ég segi það alveg satt, ég sá það ekki fyrir mér að geta komið hingað aftur og spilað í þessu húsi í efstu deild. En þegar að hugmyndin kom þá sá ég alveg fyrir mér að ég færi og kláraði ferilinn þar.



gat spilað þetta. Án þeirra væri þetta ekki hægt, og við værum þá heldur örugglega ekkert enn þá í þessu, og svo núna í framhaldinu þegar þau eru komin í stjórn og eiga þátt í því að stofna kvennaliðið aftur þá er þetta einhvern veginn aðeins sætara. Svo er náttúrulega Arna aðeins yngri en bara geggjað að fá tækifæri að spila með henni. Ég og Guðrún höfum alltaf spilað saman en ég sá einhvern veginn ekki fyrir mér að Arna gæti verið með okkur, mér fannst ég svo gömul og hún miklu yngri, og þú veist það er bara ennþá sætara að hún hafi fengið að vera með. Öll fjölskyldan er saman í þessu og bróðir okkar með okkur í bænum og sér svolítið um andlega þáttinn, að minnsta kosti hjá mér, þannig að þetta er geggjað.

Í hvaða leik finnst þér liðið hafa sýnt sína bestu frammistöðu og liðsheild?

Ég held ég verði að segja leikurinn við KR í bikarnum. Mér finnst liðið alltaf gera það sem við þurfum, en kannski svona í einhverjum leikjum, jújú, við töpum alveg einhverjum leikjum en í leikjum sem hafa verið jafnir leikir og leikjum sem við eigum að vinna, þá finnst mér liðið geri nóg til að vinna, en svo eins og í KR-leiknum voru einhvern veginn allir samstíga, þú veist, það voru allir að fara að taka þennan titil þannig að ég held að liðið hafi sýnt bestu frammistöðuna á móti KR og í rauninni fyrsta skiptið sem við vinnum lið sem er í fyrsta eða öðru sæti.

Boltastrákar í Danmörku



Hvað heitið þið?

Gunnar, Daniel, Marinó

Hvaða skóstarð notið þið?

Daniel 46, Marinó 46, Gunnar 44,5

Hvert fóruð þið í skóla?

Til Danmerkur, í bænum Nyborg, skólinn hét Efterskolen ved Nyborg

Hvað varð til þess að þið fóruð þið út í skóla?

Gunnar: Marinó kynnti mig fyrir þessum skóla og peppaði karlinn vel upp. Ég talaði við félagan minn sem bjó einu sinni í Danmörku og fékk hjálp frá Agnesi Hansen til að sækja um.

Daniel: Marinó, Gunnar og Bjartmar peppuðu mig í að fara, sótti um frekar seint en komst inn og ákvað bara að fara með strákunum.

Marinó: Ég heyrdi um þennan skóla frá vini pabba sem var að hjálfa körfubolta þarna úti og ég hafði líka heyrt mjög góða hluti um þennan skóla frá öðrum Íslendingum þannig ég varð bara mjög peppaður.

Hvað var skemmtilegast við að vera í skólanum úti?

Gunnar: Það var fullt af jafnöldrum þannig manni leiddist aldrei, og það var bara alltof gaman. Alltaf eitthvað að gerast og manni leið aldrei

eins og maður væri einn. Aldrei ekkert að gera.

Daniel: Það sem var skemmtilegast var að kynnst öllum, sérstaklega Íslendingunum og það að hafa búið þarna með þeim.

Marinó: Mér fannst skemmtilegast að kynnst öllu fólkinu þarna úti, fá að spila á móti einhverjum Dönum í körfu og að ferðast með skólanum.

Mælið þið með því að fara út í skóla?

Allir: Já 100%. Þetta var mjög góð lífsreynsla.

Hvað voruð þið að gera þegar þið voruð ekki í skólanum?

Gunnar: Manni leið ekkert eins og maður var í skólanum, maður var í max 2 tímum á dag og síðan var körfubolti og styrktaræfingar. Ég og Marinó þurftum ekki að mæta í dönsku og stærðfræði þarna úti því við tókum stærðfræði í fjarnámi og við vorum ekki alveg á sama stigi og danirnir í dönsku. Þannig við vorum í raun ekkert mikið í skólanum. En maður var alltaf með einhverju fólki að brasa eitthvað og ef Danirnir voru í tíma tók maður aukaæfingu eða bara smá kríu.

Marinó: Eins og Gunnar sagði þá var þetta soldið chill hjá okkur. En við vorum duglegir að fara í rækt-

ina eða að skjóta í íþróttahúsinu og chilla með fólki og finna eitthvað sniðugt að gera í okkar frítíma.

Daniel: Ég þurfti ekki að mæta í skólann, var bara í fjarnámi úr MB, en mætti í íþróttasálfræði. Vorum mest í ræktinni og í íþróttahúsinu en annars bara að chilla og eitthvað.

Var ekkert erfitt að ákveða að fara að heiman og í nýtt land og þekkja kannski ekki marga?

Daniel: Nei það var ekkert erfitt. Ég bjóst við meiri heimþrá en hún var mjög lítil.

Marinó: Það var eiginlega bara meira spennandi heldur en erfitt. Maður saknaði þess alveg þínu að vera heima en maður var alltaf með einhverjum þarna úti þannig maður var bara góður.

Gunnar: Nei, alltaf þegar ég kom til baka til Íslands í haustfrí, jólafrí og vorfrí þá saknaði ég þess að vera úti. Þetta var ekkert mál fyrir mig.

Lífsmottó?

Gunnar: skal vi dele en bolle eller bolle en del.

Daniel: You have to spend money to make money.

Marinó: Livet skal leves forlæns men forstås baglæns.



Fríða Frænka

Spurningum forvitinna nemenda svarað

Hvað er Andrés önd gamall?

„Andrés önd er aðeins farinn að eldast og er hann 89 ára og er núna að bíða eftir plássi á Brákarhlíð.“

Hvað setti bakaradrengurinn mikið af pipar í piparkökurnar í dýrunum í Hálsaskógi?

„Ef maður syngur lagið „Þegar piparkökur bakast“ þá kemur þar fram að það átti að setja eitt kíló af sykri, en hann ruglaði pipari og sykri saman svo hann setti kíló af pipari í kökurnar.“

Er til stafrænt framhjáhald?

„Að mínu mati má segja að samskipti við annan aðila, bakvið maka, hvort sem það er í eigin persónu eða í gegnum netið þá er það framhjáhald.“

Hvað kostar jóladagatal hjá Blush?

„Eftir litla rannsókn þá hef ég komist að því

að dagatalið kostar litlar 24.990 kr. en það er því miður uppselt svo reyndu aftur á næsta ári. Þú getur samt prófað að skoða dagatalið hjá Losta.is eða heimkaup.“

Selja Adam og Eva bara gömul kynlífstæki?

„Núna veit ég ekki alveg hvort þú ert að tala um kynlífstæki sem eru notuð eða bara kynlífstæki sem eru í raun úrelt, en Adam og Eva selja hvorki notuð né úrelt tæki.“

Sofa leðurblökur á nóttunni?

„Heldur betur ekki, þær eru næturdyr og vaka því á nóttunni og sofa á daginn.“

Ef reglan er undantekning er undantekningin þá reglan frá formúlunni?

„Þetta er heldur betur góð spurning og veit ég margt, en þetta er svolítið fyrir ofan minn skilning.“

Ég er að velta fyrir mér, ég veit aldrei hvort ég á að fara í hægri sokkinn á undan vinstri og á ég að fara í nærbuxurnar á undan sokkunum?

„Það skiptir í raun ekki máli hvort maður fer í hægri eða vinstri sokkinn á undan en það væri fáránlega skrítið að fara í sokkana á undan nærbuxunum svo ég mæli með að fara í nærbuxurnar á undan sokkunum.“

Ef ég fitja upp 84 lykkjur á sokkaprjón númer átta pass-ar það þá á hausinn á Braga skólameistara?

„Hausinn á Braga er um það bil 56 cm svo ég mæli klárlega með að þú gerir prjónafestu sem er tíu sinnum tíu, ef þú lendir í einhverju brasi með þetta þá er Google frændi alltaf til staðar.“

ÞAKKIR

OKKUR Í RITSTJÓRN SKÓLABLAÐSINS EGLU LANGAR
AÐ KOMA Á FRAMFÆRI SÉRSTÖKUM ÞÖKKUM TIL
EFTIRFARANDI AÐILA:

KRISTJÁN G. ARNGRÍMSSON FYRIR AÐ
PRÓFARKALESA ALLT BLAÐIÐ

GUNNHILDUR LIND HANSDÓTTIR FYRIR AÐ HJÁLPA
OKKUR VIÐ AÐ GERA ÞETTA BLAÐ

SKÓLAMEISTARI, KENNARAR, FORELDRAR OG
NEMENDUR FYRIR AÐ HAFNA TRÚ Á OKKUR OG SÝNA
ÁHUGA Á NÝJU SKÓLABLAÐI

VIÐ VILJUM ÞAKKA AUGLÝSENDUM, ÖLLUM
GREINAHÖFUNDUM, VIÐMÆLENDUM OG ÖLLUM
ÞEIM SEM KOMU OG AÐSTÖÐU OKKUR EITTHVAÐ
VIÐ AÐ GERA BLAÐIÐ AÐ VERULEIKA!

AÐ LOKUM VILJUM VIÐ ÞAKKA ÞÉR FYRIR AÐ HAFNA
GEFID ÞÉR TÍMA TIL AÐ LESA BLAÐIÐ! VIÐ VONUM
AÐ LESTURINN HAFI VERIÐ ÁNÆGJULEGUR!

OG ÞÁ VILJUM VIÐ ÞAKKA SÉRSTAKLEGA ÞVÍ FÓLKI
SEM VANN MÓDELSTÖRFIN FYRIR BLAÐIÐ

TAKK FYRIR OKKUR
Ritstjórn EGLU



VIÐ BJÓÐUM VANDAÐ & HAGNÝTT NÁM



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



VELKOMIN Í LBHÍ

Hlutverk Lbhi er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum.

Við leggjum áherslu á að efla rannsóknir, nýsköpun og kennslu með sjálfbærni, hagsæld og framsækni að leiðarljósi. Við bjóðum bæði starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunn- og framhaldsnám á háskólastigi. Starfsstöðvar okkar eru á Hvanneyri, Keldnaholti í Reykjavík og Reykjum við Hveragerði.

Við bjóðum góða þjónustu til nemenda í litlum skóla með mikla sérstöðu. Kannaðu málið á www.lbhi.is!

STARFSMENNTANÁM

Garðyrkjufraeðingur / Búfræðingur

Blómaskreytingar

Búfræði

Garð- & skógarplöntuframleiðsla

Lífæra ræktun matjurta

Skógur & náttúra

Skrúðgarðyrkja

Ylrækt

GRUNN- & FRAMHALDSNÁM

Búvísindi BS MS PHD

Hestafræði BS MS PHD

Náttúru- & umhverfisfræði BS MS PHD

Skógræði BS MS PHD

Landslagsarkitektúr BS

Skipulagsfræði MS PHD

Umhverfisbreytingar á norðurslóðum MS

finndu okkur á  
@lbhi / @landbunadarhaskoli

Markaðssamskipti
og samfélags-
miðlar



Alhliða markaðsnám í takt við nýja tíma.

- í fararbroddi í fjarnámi

bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

- í fararbroddi í fjarnámi